

Héraðsdómur Reykjavíkur

Úrskurður 7. júlí 2023

Mál nr. E-1257/2023:

Auður Lilja Davíðsdóttir, Ragnar Þór Jónsson, Bjarni Þór Ragnarsson, Tómas Davíð Thomasson og Embla Marie Ragnarsdóttir

(Ómar R. Valdimarsson lögmaður)

gegn

Finnair Plc

(Gunnar Jónsson lögmaður)

Úrskurður

Málsmeðferð og kröfur aðila

- Mál þetta var höfðað 20. júlí 2022 og tekið til úrskurðar 23. maí 2023 að loknum munnlegum málflutningi.
- Stefnendur eru Auður Lilja Davíðsdóttir, Ragnar Þór Jónsson, Bjarni Þór Ragnarsson og Tómas Davíð Thomasson, öll til heimilis að [...] í Reykjavík, og Embla Marie Ragnarsdóttir, [...] í Reykjavík. Stefndi er Finnair Plc, Tietotie 9 í Vantaa í Finnlandi.
- Stefnendur krefjast þess aðallega að stefnda verði gert að greiða þeim, hverju um sig, skaðabætur að fjárhæð 87.600 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 19. desember 2021 til 28. febrúar 2022 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 3. mgr. 5. gr. sömu laga. Til vara krefjast stefnendur þess að stefnda verði gert að greiða þeim, hverju um sig, skaðabætur að fjárhæð 600 evrur. Til þrautavara krefjast þau þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum bætur að álitum ásamt vöxtum samkvæmt 9. gr. laga nr. 38/2001. Að auki krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefnda, þ.m.t. virðisaukaskatts, að mati réttarins eða samkvæmt málskostnaðarreikningi sem lagður verður fram ef til aðalmeðferðar kemur.
- Stefndi krefst þess að dómkröfum stefnenda verði vísað frá dómi og aðallega að lögmanni stefnenda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins en til vara að stefnendum verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.
- Í þeim þætti málsins sem hér er til úrlausnar krefjast stefnendur þess að kröfu stefnda um frávísun þess verði hafnað.

- Ómar R. Valdimarsson lögmaður flutti málið hvað þennan þátt þess varðar fyrir hönd stefnenda og Gunnar Jónsson lögmaður fyrir hönd stefnda.

Helstu málsatvik

- Stefnendur áttu bókað flugfar með flugvél stefnda frá Svíþjóð til Taílands 19. desember 2021. Þau munu hafa verið stödd hérlendis þegar þau bókuðu flugfarið í gegnum vefsíðu. Fluginu var síðar seinkað um fjórar klukkustundir og sautján mínútur.
- Með fimm aðskildum kröfubréfum til stefnda, dags. 19. janúar og 28. janúar 2022, var þess krafist fyrir hönd stefnenda að stefndi greiddi þeim, hverju um sig, 600 evrur í skaðabætur vegna tafarinnar. Veittur var 15 daga frestur til að greiða skaðabæturnar og fram kom að ella yrði stefnda stefnt án frekari viðvörunar. Stefndi svaraði ekki bréfunum og kveðst ekki hafa mótttekið þau.
- Stefna málsins er dagsett 6. apríl 2022. Embætti sýslumannsins á [...] móttók beiðni um birtingu stefnunnar erlendis 10. maí 2022, sbr. bréf embættisins til lögmanns stefnenda, dags. 29. júlí 2022. Stefnan var birt fyrir stefnda 20. júlí 2022, sbr. birtingarvottorð sem fyrrnefnt sýslumannsembætti móttók 28. sama mánaðar. Málið var þingfest 21. febrúar 2023.
- Lög nr. 80/2022 um loftferðir tóku gildi 14. júlí 2022. Frumvarpið sem varð að lögunum var lagt fram á Alþingi 15. desember 2021 og samþykkt sem lög 16. júní 2022. Samhliða gildistöku laganna féllu úr gildi eldri lög nr. 60/1998 um loftferðir, sbr. a-lið 1. mgr. 257. gr. fyrrnefndu laganna.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda vegna frávísunarkröfu

- Stefndi byggir kröfu sína um frávísun málsins á því að stefnda verði ekki stefnt fyrir dóm á Íslandi. Í stefnu málsins sé vísað til 115. gr. laga nr. 60/1998 um rétt til þess að sækja stefnda, sem sé finnskur lögaðili, fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Í b-lið 2. mgr. ákvæðisins hafi verið heimild til að sækja mál „þar sem flutningssamningur var gerður“. Stefndi byggir á því að hann reki meginstarfsemi sína á tveimur starfsstöðvum, í Finnlandi og í Svíþjóð. Stefndi hafi ekki starfsstöð á Íslandi en haldi úti heimasíðu þar sem hægt sé að kaupa flugmiða á leiðir stefnda. Flugmiða með stefnda megi einnig kaupa á ferðaskrifstofum um víða veröld. Hins vegar sé hvergi tekið fram í stefnu að flutningssamningur hafi verið gerður á Íslandi. Stefndi byggir á því að flugmiðakaup á heimasíðu stefnda nægi ekki til þess að samningur teljist gerður hér á landi og því skuli vísa málinu frá dómi.
- Þá byggji stefnendur rétt sinn til þess að sækja málið hér á landi á ákvæðum laga nr. 60/1998 um loftferðir sem hafi verið fallin úr gildi þegar málið var höfðað. Í gildandi lögum nr. 80/2022 um loftferðir sé ekki að finna sams konar ákvæði og stefnendur byggja á varðandi varnarþing.

13. Kröfu sína um málskostnað úr hendi umboðsmanns stefnenda byggir stefndi á því að umboðsmaður stefnenda hafi ráðlagt stefnendum að leggja í málsókn fyrir varnarþingi sem engin lagastoð sé fyrir að sækja stefnda á og það á grundvelli laga sem voru fallin úr gildi þegar stefna var birt. Telur stefndi að lögmanni stefnenda hefði sem sérfræðingi átt að vera ljóst að málsóknin á hendur stefnda rúmaðist ekki innan íslenskra varnarþingsreglna. Í þessu sambandi vísar stefndi sérstaklega til 4. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Helstu málsástæður og lagarök stefnenda vegna frávísunarkröfu

14. Stefnendur mótmæla málsástæðum stefnda þess efnis að vísa eigi málinu frá dómi. Bótaskylda sé réttilega byggð á lögum nr. 60/1998 um loftferðir sem hafi verið í gildi þegar samningar um flugförin komust á, þegar hið bótaskylda atvik gerðist og þegar stefnan var send til birtingar.
15. Varnarþingsreglur í ákvæði 115. gr. laga nr. 60/1998 séu sérreglur gagnvart meginreglum íslensks réttar um varnarþing, sbr. 2. mgr. 43. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, og gildi þegar mál varða skaðabætur í tengslum við loftflutning á farþegum. Flutningssamningur málsins hafi verið gerður á heimili stefnenda í Reykjavík, þegar þau greiddu fyrir farseðlana og fengu staðfestingu á kaupunum í skilningi b-liðar 2. mgr. 115. gr. laga nr. 60/1998.
16. Verði komist að annarri niðurstöðu um lagaskil byggja stefnendur á því að lög nr. 80/2022 hafi miðað að því að innleiða 33. gr. Montreal-samningsins. Samningurinn hafi verið lögfestur með 210. gr. laganna og sé birtur sem fylgiskjal með þeim. Í íslensku lögunum sé ákvæði 33. gr. samningsins þó misþýtt, þar sem ensku orðin „*place of business*“ séu þar þýdd sem „útibú“ sem samræmist ekki erlendri túlkun á lögunum. Samkvæmt 2. mgr. 210. gr. laganna skuli enska útgáfa samningsins gilda þegar greinir á milli hennar og íslensku þýðingarinnar. Réttara sé að túlka þetta hugtak sem svo að í því felist að stefna megi flugrekanda á varnarþingi þar sem kaupendur flugmiða voru staðsettir þegar þeir keyptu miðana, þ.e. þar sem samningurinn hafi komist á. Rafrænn flutningssamningur komist á þegar staðfesting á farseðlakaupum hafi borist viðkomandi farþega. Í þessu sambandi vísa stefnendur m.a. til tveggja dóma hæstaréttar Ítalíu og dóms héraðsdómstóls í Kaliforníuríki í Bandaríkjunum, þar sem þessi túlkun á 33. gr. Montreal-samningsins hafi verið lögð til grundvallar.

Forsendur og niðurstöður

17. Til að reka megi mál gegn manni eða lögaðila fyrir dómi hér á landi þarf hann að geta átt varnarþing í umdæmi viðkomandi dómstóls. Við mat á því hvort fallast beri á frávísunarkröfu stefnda eða hafna henni kemur því einkum til skoðunar hvort varnarþingsreglur

Íslensks réttar leiði til niðurstöðu um að stefnandi hafi mátt stefna stefnda fyrir þann dómstól sem nú hefur málið til umfjöllunar.

18. Samkvæmt 93. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála telst mál höfðað þegar stefna er birt eða árituð um viðtöku samrits hennar, sbr. 3. mgr. 83. gr. sömu laga, eða stefndi mætir að öðrum kosti fyrir dómi þar sem stefnandi afhendir honum samrit stefnu og þingfestir mál. Stefna þessa máls var birt fyrir stefnda 20. júlí 2022 en málið var þingfest 21. febrúar 2023. Þar sem málið taldist höfðað þegar stefnan var birt skiptir höfuðmáli að skera úr um hvort þá hafi verið í gildi varnarþingsregla sem heimilaði málshöfðunina hér á landi.
19. Reglur um varnarþing er einkum að finna í V. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þar segir m.a. í 1. mgr. 33. gr. að skrásett félag eða firma megi sækja í þeirri þinghá þar sem varnarþing þess er skráð. Ef stjórnarstöð þess sé í annarri þinghá en þar sem varnarþing er skráð megi einnig sækja það í þeirri þinghá. Ef mál varði skrásett útibú félags eða firma megi sækja það í þeirri þinghá þar sem útibúið er. Óumdeilt er að stefndi er ekki með skráð varnarþing hér á landi og starfrækir ekki stjórnstöð eða útibú hérlendis. Því er ljóst að ákvæði 33. gr. laga nr. 91/1991 heimila ekki málshöfðun gegn stefnda hér á landi.
20. Í 2. mgr. 43. gr. sömu laga segir að ákvæði þessa kafla (þ.e. V. kafla laganna) raski ekki gildi sérreglna um varnarþing eftir öðrum lögum. Í stefnu vísaði stefnandi til 115. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir varðandi varnarþing. Þá kom fram af hálfu stefnanda undir rekstri málsins að nánar tiltekið væri byggt á b-lið 2. mgr. 115. gr. laganna varðandi það að höfða mætti mál þar sem flutningssamningur væri gerður. Stefnendur hafi verið staddir á lögheimilum sínum í Reykjavík þegar þau gerðu téða samninga.
21. Lög nr. 60/1998 féllu úr gildi samhliða gildistöku laga nr. 80/2022 um loftferðir, sbr. a-lið 1. mgr. 257. gr. síðarnefndu laganna, 14. júlí 2022. Sem fyrr segir var stefna þessa máls birt stefnda 20. sama mánaðar. Sú varnarþingsregla 115. gr. laga nr. 60/1998 sem stefnandi byggir á var því fallin úr gildi þegar málið var höfðað. Málshöfðunin gat því ekki grundvallast á þeirri reglu. Í þeim efnum skiptir engu máli þótt reglan hafi enn verið í gildi þegar stefnan var afhent því stjórnvaldi sem hefur milligöngu um stefnubirtingar erlendis en fyrir liggur að stefnan var móttekin hjá sýslumanninum á Suðurnesjum 10. maí 2022. Ekki skiptir heldur máli í þessu tilliti þótt hin meintu bótaskyldu atvik hafi gerst í gildistíð laga nr. 60/1998 og úrlausn um mögulegan bótarétt kunní eftir atvikum að ráðast af þeim, enda gilda önnur sjónarmið um lagaskil hvað réttarfarsreglur snertir en efnisreglur um lögskipti aðila.
22. Lög nr. 80/2022 hafa ekki að geyma reglu hliðstæða þeirri sem áður var í b-lið 2. mgr. 115. gr. laga nr. 60/1998. Í 1. mgr. 210. gr. fyrrnefndu laganna kemur þó fram að alþjóðasamningur um samræmingu tiltekinna reglna varðandi loftflutninga milli landa sem

gerður var í Montreal 28. maí 1999 (Montreal-samningurinn) hafi lagagildi hér á landi með þeim viðbótum sem af ákvæðum kafla þessa (þ.e. XVII. kafla laganna) leiði og sé birtur sem fylgiskjal með lögnum. Þá segir í 2. mgr. að greini á milli erlendra jafngildra texta samningsins og íslenskrar þýðingar skuli fyrrnefndir textar samningsins ganga frammar íslensku þýðingunni.

23. Í 1. mgr. 33. gr. Montreal-samningsins, sem birtur er sem fylgiskjal með lögum nr. 80/2022 og hefur sem fyrr segir lagagildi hér á landi, sbr. 1. mgr. 210. gr. laganna, segir að skaðabótamál skuli höfða, að vali stefnanda, á landsvæði eins aðildarríkis samnings þessa, annaðhvort fyrir dómstóli þar sem flytjandinn á lögheimili eða þar sem hann hefur aðalskrifstofu sína eða útibú, sem gerði samninginn fyrir hans hönd, eða fyrir dómstóli á ákvörðunarstað. Fyrir liggur að stefndi hefur ekki lögheimili, aðalskrifstofu eða útibú hérlandis. Ákvörðunarstaður þeirrar flugferðar sem um ræðir var ekki hér á landi en fyrir liggur að um var að ræða flugferð milli Svíþjóðar og Taílands. Málshöfðun hér á landi rúmast því ekki innan heimilda 1. mgr. 33. gr. samningsins, miðað við orðanna hljóðan ákvæðisins í íslenskri þýðingu. Ekki er heldur að finna aðrar varnarþingsreglur í samningnum sem hér gætu átt við.
24. Sem fyrr segir kemur fram í 2. mgr. 210. gr. laga nr. 80/2022 að greini milli erlendra jafngildra texta samningsins og íslenskrar þýðingar skuli fyrrnefndir textar samningsins ganga frammar íslensku þýðingunni. Ljóst er að með jafngildum textum er þarna átt við þá texta sem tilgreindir eru í lok samningsins en þar kemur fram að hann sé gerður í Montreal hinn 28. maí 1999 á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku og séu allir textar jafngildir. Í athugasemdum við 210. gr. í frumvarpinu sem varð að lögum nr. 80/2022 segir að frumútgáfa Montreal-samningsins sé gefin út á fyrrgreindum sex tungumálum. Þeim útgáfum sé ætlað að gilda greini á milli íslensku þýðingarinnar, sem sé úr ensku, og frumútgáfu samningsins. Lagt sé til að íslenska útgáfa Montreal-samningsins verði lögfest en til upplýsingar sé ensk útgáfa samningsins fylgiskjal með frumvarpinu.
25. Ákvæði 1. mgr. 33. gr. hinnar ensku útgáfu Montreal-samningsins, sem fylgdi með frumvarpinu, er svohljóðandi: *„An action for damages must be brought, at the option of the plaintiff, in the territory of one of the States Parties, either before the court of the domicile of the carrier or of its principal place of business, or where it has a place of business through which the contract has been made or before the court at the place of destination.“* Stefnendur telja að hugtakið „*place of business*“, þar sem það kemur síðara sinni fyrir í tilvitnaðri setningu, sé ranglega þýtt sem „útibú“ í íslenskri þýðingu samningsins en réttara sé að þýða það sem staðinn þar sem viðskipti fara fram. Þar sem stefnendur hafi keypt flugmiðana hér á landi sé Ísland sá staður í þessum skilningi og þeim því heimilt að höfða málið hér á landi, sbr. fyrrgreinda reglu 2. mgr. 210. gr. laga

nr. 80/2022 þess efnis að enski textinn gangi framur. Þessu til stuðnings hafa stefnendur m.a. bent á úrlausnir hæstaréttar Ítalíu, sem einnig er aðildarríki Montreal-samningsins, þar sem að mati stefnenda var byggt á þeim skilningi sem stefnendur leggja í umrætt hugtak. Ljóst er að stefnendur bera sönnunarbyrði um að textinn sé í reynd ranglega þýddur og jafnvel þótt sú sönnun tækist væri sjálfstætt álitamál hvort tækt væri að fallast á gildi varnarþingsreglu sem ekki hefði með ótvíræðum hætti verið innleidd í íslensk lög.

26. Samkvæmt 3. mgr. 10. gr. laga nr. 91/1991 skal skjali á erlendu tungumáli að jafnaði fylgja þýðing á íslensku að því leyti sem byggt er á efni þess í máli nema dómari telji sér fært að þýða það. Komi aðilar sér ekki sjálfir saman um rétta þýðingu skjals skuli hún gerð af löggiltum skjalapýðanda. Í málinu liggja ekki fyrir aðrar íslenskar þýðingar á Montreal-samningnum, eða 33. gr. hans, en sú sem er fylgiskjal með lögum nr. 80/2022, fyrir utan það að stefnendur hafa í málatilbúnaði sínum varpað fram þýðingu sem þeir telja réttari. Sú þýðing stefnenda er svohljóðandi: „*Málsókn vegna tjóns verður að vera háð, að vali stefnanda, á landsvæði aðildarríkis; annaðhvort fyrir dómstóli á lögheimili flytjanda eða á meginathafnasvæði hans, eða þar sem að hann [flugfélagið] stundar viðskipti sín þar sem að samningur er gerður eða fyrir dómstóli á áfangastað.*“
27. Þess vegna verður því að mati dómsins með engu móti slegið föstu án frekari sönnunarfærslu, svo sem eftir atvikum matsgerð löggilts skjalapýðanda, að rangt sé að þýða hugtakið „*place of business*“ sem *útibú* í því samhengi sem hér um ræðir og þess í stað skuli þýða það á þann hátt sem stefnendur byggja á. Í því sambandi skal áréttað að á eftir umræddum orðum koma orðin „*through which the contract has been made*“ sem eftir atvikum kann að benda til þess að þar sé átt við starfsstöð eða útibú fremur en hvern þann stað þar sem viðskiptavinur flugrekanda kann að vera staddur þegar hann kaupir flugmiða í gegnum vefsíðu, svo sem stefnendur virðast byggja á. Engu breytir um þetta þótt dómstólar annarra aðildarríkja Montreal-samningsins kunni eftir atvikum að hafa túlkað ákvæðið með öðrum hætti, en stefnendur hafa m.a. vísað til tveggja dóma hæstaréttar Ítalíu og dóms héraðsdómstóls í Kaliforníuríki í Bandaríkjunum máli sínu til stuðnings.
28. Að öllu framangreindu virtu hafa stefnendur ekki sýnt fram á að varnarþingsreglur íslensks réttar heimili þeim málsóknina gegn stefnda hér á landi. Málinu verður því vísað frá dómi.
29. Stefndi krefst þess aðallega að lögmanni stefnenda verði gert að greiða stefnda málskostnað en til vara að stefnendum verði gert að greiða stefnda málskostnað. Krafa stefnda um málskostnað úr hendi lögmanns stefnenda er einkum á því reist að lögmaðurinn sé sérfræðingur sem hafi ráðið stefnendum að leggja í málsókn á varnarþingi sem engin lagastoð sé fyrir að sækja stefnda á og það á grundvelli laga sem voru fallin úr gildi þegar stefna var birt í málinu. Fallast má á það með stefnda að lögmanninum hefði verið rétt

að gæta betur að því að stefnda væri stefnt fyrir dóm á réttu varnarþingi. Stefna málsins er dagsett 6. apríl 2022 og fyrir liggur að hún var móttækin hjá embætti sýslumannsins á Suðurnesjum 10. maí sama ár. Frumvarpið sem varð að lögum nr. 80/2022 hafði áður verið lagt fram á Alþingi 15. desember 2021 og var afgreitt sem lög þaðan 16. júní 2022 og þau tóku, sem fyrr segir, gildi 14. júlí sama ár. Lögmanni stefnenda hefði verið unnt að gera ráðstafanir til að hverfa frá málshöfðuninni í framhaldi af því en stefnan var, sem fyrr segir, birt 20. júlí 2022 og málið þingfest 21. febrúar 2023. Þrátt fyrir þetta er málalíbúnaður stefnenda, hvað varnarþingsreglur varðar eða að öðru leyti, að mati dómsins ekki svo bersýnilega haldlaus að rétt þyki að fella málskostnað stefnda á stefnendur eða eftir atvikum lögmann þeirra. Aðilarnir verða því hvor um sig látnir bera sinn kostnað af málinu, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Þorsteinn Magnússon héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Málinu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Þorsteinn Magnússon

Rétt endurrit staðfestir:

Héraðsdómi Reykjavíkur, 7. júlí 2023